

# NES FRÉTTIR

AUGLÝSINGASÍMI  
**511 1188**

JÚLÍ 2015 • 7. TBL. • 28. ÁRG.



**PANTAÐU Á  
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345



Skólafólk á Seltjarnarnesi hefur unnið að margvíslegum verkefnum á vegum bæjarfélagsins í sumar. Góð framkoma og iðjusemi hafa einkennt þetta ágæta fólk. Sjá frétt og myndir á bls. 6.

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

**24**  
Hagkaup

**OPIÐ**  
ALLAN sólarhringinn  
á Eiðistorgi

**Slökkvitækja-  
þjónustan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki  
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

**græn heilsa**  
lífræn heilsuverslun

Ægisíða 121  
facebook.com/grænheilsa

**Í ALFARALEIÐ**

20 AÐALMÆLI  
SÁMUNINGA  
SÍMUNINGA

**Aðalskoðun**

Reykjavík Skeifunni 5 Sími 590 6930



## Góð þjónusta – Hagstætt verð

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18:30  
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum  
í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann  
til að sækja „appið“  
frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á [www.islandsbanki.is/farsiminn](http://www.islandsbanki.is/farsiminn)



**Hafðu bankann  
með þér**

  
Islandsbanki

# NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Eiðistorgi 13-15, 170 Seltjarnarnes, Pósthólf 172. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þóroddur Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

## Fornminjar í Móakoti

Fornminjar hafa fundist í túni Móakots þar sem fyrirhugað er að byggja hjúkrunarheimili á Seltjarnarnesi. Við fyrstu athugun virðist að um talsverðar minjar sé að ræða sem nauðsynlegt er að skoða frekar. Að undanförunu hafa minjar frá talinni landnáms tíð verið að finnast og má í þessu sambandi minnst uppgrafter við Lækinn í Reykjavík. Hvort þessar mannvistarleifar sem hér eru nefndar eða aðrar áður óþekktar muni hafa áhrif á landnáms sögu Íslands er of snemma að segja til um en gera má ráð fyrir að þær bendi til meiri byggðar og mannlífs á þeim tíma en til þessa hefur verið talið.

Ljóst má vera að sá fundur sem nú liggur fyrir í Móakoti, uppgröftur og rannsóknavinna, mun teija byggingarframkvæmdir við fyrirhugað hjúkrunarheimili. Ógerlegt er að gera sér grein fyrir lengd þeirrar tafar vegna þess hversu lítið er enn vitað um umfang hinna öldnu mannvistarleifa. Fornleifafundurinn mun að öllum líkindum gefa Seltjarnarnesbæ meiri – jafnvel mun meiri umþóttunartíma til þess að koma á fót hjúkrunarheimili en gert var ráð fyrir. Ef til vill þarf að finna því breytta staðsetningu.

## Þvefnbær á Seltjarnarnesi

Ífrétt í þessu tölublaði Nesfrétta er bent á að velta fyrirtækja í Seltjarnarnesbæ á hvern íbúa bæjarfélagsins sé margfalt minni en annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þessar upplýsingar sem koma fram í Hagsjá Landsbanka Íslands eru athyglisverðar en koma ekki að öllu leyti á óvart – nema hversu munurinn er mikill. Eins og áður hefur komið fram í Nesfréttum hafa atvinnufyrirtæki verið að fara af Seltjarnarnesi líkast því að um flóttu hafi verið að ræða. Haldi þessi þróun áfram með þeim hraða sem verið hefur undanfarin áratug stefnir Seltjarnarnes að því að verða svefnbær innan skamms tíma.

Talsvert er um atvinnuhúsnæði á Nesinu sem ýmist er illa nýtt eða alls ekki. Tækmörk eru hvað bæjaryfirvöld geta gert í þessu efni en ætla má að þessi þróun valdi bæjarfulltrúum áhyggjum.

## Fornminjar á Móakotstúninu

...sem þarf að rannsaka áður en byggingaframkvæmdir geta hafist



Í forgrunni má sjá kennslusvæði HÍ í fornminjauppgreftri við Móakot, en grasbalinn austan við það er byggingarreitur hins nýja hjúkrunarheimilis þar sem nú stendur til að nýr uppgröftur hefjist.

Uppgröftur á fornminjum í túni Móakots er hafinn. Minjar fundust þar við gröft könnunarskurða fyrir skömmu þar sem fyrirhugað hjúkrunarheimili á Seltjarnarnesi á að rísa. Minjar fundist á þremur svæðum á túninu sem nauðsynlegt er samkvæmt lögum að rannsaka til hlítar áður en byggingaframkvæmdir geta hafist.

Minjastofnun barst greinargerð frá Fornleifastofnun 11. júní sl. þar sem helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri segir að alls hafi 31 skurður verið grafinn í túninu og dreifst nokkuð jafnt yfir það. Engin merki um fornleifar hafi fundust í 12 skurðum, óveruleg merki fundust í fimm skurðum en miklar mannvistarleifar hafi fundust í 15 skurðum. Mat Minjastofnunar er að ráðast þurfi í frekari fornleifarannsóknir á þremur svæðum í túninu og er það byggt á þessum niðurstöðum. „Minjastofnun telur nauðsynlegt að rannsaka þessar minjar til hlítar, í þeim tilgangi að fá sem skýrasta mynd af gerð mannvirkja, umfangi, aldri og hlutverki og ber að beita til þess vðurkenndum, fornleifafraeðilegum aðferðum.“ Ásgerður bendir á að Minjastofnun leggi til að byrjað verði að afhjúpa svæðin, að fjarlægja torf og yfirborðsjarðveg, en það ráðist

svo af umfangi þeirra mannvirkja og annarra mannvistarlaga, sem þarna er að finna, hver endanleg stærð rannsóknarsvæðanna verður. „Þá fyrst er hægt að áætla kostnað við rannsóknirnar“, segir hún og bendir á að heimatún á Íslandi hafi víða haldist óbreytt frá örófi alda og mörg hver hafi að geyma fjölda minja af ýmsu tagi, eins og útihús, gömul bæjarstæði og jafnvel bænhús, sem ekki eru sýnilegar á yfirborði. „Líklegt þykir að eins sé ástatt um heimatún Móakots“ segir hún,“ en Móakot er hluti af túni Ness við Seltjörn þar sem búseta hófst á landnámsöld.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími  
511 1188



Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

**Sævar**

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is

Nesbíúinn



Hvenær rís þá hjúkrunarheimilið?

# GOTT Á GRILLIÐ



## LAMBA

### LÆRISSNEIÐAR

**Bragð:** Mild paprika, chili og hvítlaukur

**Grilltími:** 4-5 mínútur á hvorri hlið

**Tillaga að meðlæti:** Ferskt salat, bökuð kartafla og piparsósa

**Verði ykkur að góðu!**



*-alltaf góður*

# Á þriðja þúsund í Bakkagarði

Á þriðja þúsund þjóðhátíðargesta fylltu Bakkagarð á sautjanda júní hátíðarhöldum sem fóru fram þar þriðja sinni í sögu bæjarins. Góður rómur var gerður að hátíðarhöldunum og var veðrið með besta móti.

Það var skemmtikrafturinn góðkenni Kenneth Máni, sem stýrði fjölskyldudagskránni af einstakri röggsemi og gleði og hreif unga sem aldna með sér. Þeir sem komu fram á fjölskylduskemmtuninni voru söngvarinn þjóðkenni, Jóhann Helgason, sem söng Seltjarnarlagið með kór undir stjórn Ingu

Bjargar Stefánsdóttur. Ameríska kraftakonan Mama Lou sýndi ævintýrlegar aflraunir og söngvararnir í Meistarara Jakob glöddu gesti með tónlist sinni. Grallarinn Lína Langsokkur skemmti með leik og söng og helsta vonarstjarna landsins, Jóhanna Ruth Luna Jose, sigurvegari Samfés 2015, fékk hárin til að rísa með söng sínum. Tónlistardúóið Ívar Þórir og Magnús Hafdal sem slógu eftirminnilega í gegn í Ísland got Talent gáfu ekkert eftir á sviðinu í Bakkagarði og að lokum stigu á svið hinir sívinsælu Gunni og Felix sem fóru á kostum með vinsælum

lögum, m.a. úr Bakaraofninum. Skrúðgönguna, sem farin var frá Mýrarhúsaskóla að Bakkagarði, leiddi Lúðrasveit Tónlistarskóla Seltjarnarness með Kára Húnfjörð í broddi fylkingar. Katrín Pálsdóttir, formaður menningarnefndar hélt hátíðarræðu og fjallkonan var Hrafnhildur Sigurðardóttir, fyrrum útibússtjóri Landsbanka Íslands. Það var menningarsvið Seltjarnarness sem átti veg og vanda að undirbúningi hátíðarinnar en starfsmenn áhaldahússins og sumarstarfsmenn bæjarins sáu um að fegra og skreyta bæinn.



## FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100  
Símar 562-1070, 896-4243  
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



## Fiskitrönnurnar endurreistar



Fiskitrönnurnar fuku um koll á liðnum vetri.

Ákveðið hefur verið að fiskitrönnurnar á Seltjarnarnesi, sem urðu óveðrinu að bráð og fuku um koll á liðnum vetri verði endurreistar.

Það var Steinunn Árnadóttir, garðyrkjumaður á Seltjarnarnesi

og garðyrkjustjóri til fjölda ára sem fékk bæjaryfirvöld til að gera trönnurnar á sínum tíma eftir að gömlu trönnurnar voru barðar niður fyrir misskilning. Þær höfðu staðið í rúman áratug og þótti bæjarbúum og öðrum þær afbragðs bæjarprýði.

## Sigrún Edda gerir athugasemd við göngustíg

**... segir hann unninn samkvæmt eldra skipulagi**

Sigrún Edda Jónsdóttir bæjarfulltrúi meirihluta bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar sat hjá við afgreiðslu á tillögu um svör frá skipulags- og umferðarnefnd vegna deiliskipulags við Melshúsatún, Hrólfsskálavör og Steinavör á sunnanverðu Seltjarnarnesi.

Í bókum Sigrúnar Edda segir að hún sitji hjá við afgreiðslu málsins. Ástæða hjásetu sinnar sé ekki sú að hún sé ósammála deiliskipulaginu. Hún geri hins vegar athugasemdir við vinnubrögð þar sem framkvæmdir séu þegar hafnar

við göngustíg samkvæmt eldra skipulagi á meðan nýtt deiliskipulag sem getið er um í fundargerð sé í vinnslu. „Við þennan stíg eru gerðar athugasemdir í nýju deiliskipulagi sem ekki hefur verið svarað og þykir mér þau vinnubrögð ekki góð að farið sé af stað í framkvæmdir þegar fyrir liggur að nýtt deiliskipulag svæðisins er í vinnslu. Ég tel rétt að beðið hefði verið með framkvæmdir þar til nýtt deiliskipulag lægi fyrir og athugasemdum hefði verið svarað eins og ber að gera,“ segir í bókun Sigrúnar.

# Höfum opnað í JL húsinu!

Ekkert hvítt hveiti, engin hvítur sykur,  
engin aukaefni.

**Þökkum frábærar móttökur!**



**FUN · FAST · FUSION**

# Iðjusöm og koma vel fyrir

Líkt og undanfarin sumur útvegaði Seltjarnarnesbær öllum námsmönnum á Seltjarnarnesi, sem þess óskuðu, frá 8. bekk til 25 ára aldurs starf við þeirra hæfi. Störfin eru fjölbreytt og mörg hver stuðla að fræðslu og samstarfi með eldri borgurum auk þess sem stuðlað er að því að námsmenn geti nýtt sína sérþekkingu.

Meðal starfa sem bærinn býður upp á eru garðyrkjuvinna, viðhaldsframkvæmdir við mannvirki, stjórnun og aðstoð við leikjánaðmskeið, afleysingar á bæjarskrifstofum, sundlaug, bókasafni og leikskóla, gæsla í Nesstofu, gagnagrunnvinnna við ljósmyndasafn, tölvunámskeið og skipulagðar gönguferðir með eldri borgurum, umsjón með smíðavelli auk þess sem listahópur er starfræktur.

## Gagnkvæmur ávinningur

Garðyrkjustjórinn Steinunn Árnadóttir og Jón Ingvar Jónsson starfsmaður áhaldahússins eru teymið sem stýrir sumarstarfsmönnum sem vinna við framkvæmdir á opnum svæðum. Þau eru afar ánægð með sumarstarfsmennina og segja þau vinnusöm og koma vel fyrir. „Við höfum verið einstaklega heppin með sumarstarfsfólki,“ segir Steinunn, en Jón Ingvar var í frí þegar tíðindamaður Nesfrétta leit við. „Þetta eru upp til hópa iðjusöm ungmenni sem leggur metnað í störf sín. Ég held að bæjarbúar geti sammælt um það að bærinn hefur sjaldan litið eins snyrtilega út og það vil ég þakka þessum frábæru krökkum,“ segir Steinunn. „Það er ánægjulegt að bærinn skuli bjóða öllum

skólabörnum upp á vinnu, þetta er gagnkvæmur ávinningurinn því alltaf máí fegra bæinn og um leið eru ungmennunum tryggðir

vasapeningar sem ættu að duga fram á vetur,“ segir hún að lokum. Sumarstarfsmennirnir Anna Pálína og Hjörtur tóku myndirnar.



18 ára reynsla og  
þekking í sölu fasteigna

[www.frittsoluverdmat.is](http://www.frittsoluverdmat.is)

ANDRI SIGURÐSSON  
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111

**LIND**  
FASTEIGNASALA



# Gleði í gönguför

Gleðin var við völd í gönguferð um Nesið þegar Seltirningar og nágrannar voru boðnir velkomnir í fróðlega samverustund og gönguferð um Seltjarnarnesið sem Sólveig Pálsdóttir leikkona og rithöfundur stýrði. Í leiðangrinum sameinuðust hin árvissa Jónsmessuganga Seltirninga og hátíðahöld í tilefni af því að 19. júní 2015 eru 100 ár liðin frá því íslenskar konur fengu fyrst kosningarétt til Alþingis.

Meðal þeirra sem fram komu voru Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri, Valborg Þ. Snævarr, Ásdís Skúladóttir, Herdís Hallvarðsdóttir og Sunneva Hafsteinsdóttir. Selkórinn söng við undirleik harmoníkuleikarans Friðriks Vignis Stefánssonar og gestir tóku undir í fjöldasöng. Að göngu lokinni var haldið upp í Félagsheimili þar sem Kvenfélagið Seltjörn og Hitaveita Seltjarnarness buðu gestum upp á fjölbreyttar veitingar. Gangan var í samstarfi við framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.



## Rúnstykki á 80 krónur Alla daga!



Bernhöftsbakarí ehf. | Bergstaðarstræti 13 | Sími: 551-3083

**Opið virka daga frá 07:30 til 18:00  
og um helgar frá 08:00 til 17:00**

Viðtal við Björgu Þórhallsdóttur

# Hér er kyrrt rólegt og stutt í náttúruna

**B**jörg Þórhallsdóttir söngkona og hjúkrunarfræðingur spjallar við Nesfréttir að þessu sinni. Björg er eyfirskrar ættar. Alin upp á Möðruvöllum í Hörgárdal og síðar á Akureyri. Hún stundaði nám í hjúkrunarfræði og einnig söngnám sem dró hana til Bretlands þar sem hún dvaldi um árabíl við nám og störf. Í dag er hún tvískipt. Starfar sem söngkona en hefur ekki sagt skilið við hjúkrunarfræðina þar sem hún starfar í hlutastarfi á Landakoti. Fyrir um tveimur árum fluttist hún ásamt sambýlismanni sínum Hilmari Erni Agnarssyni organista og tónlistarmanni á Seltjarnarnes. Hvað dró heimskonuna þangað.

„Við vorum að leita okkur að húsnæði og skoðuðum meðal annars íbúð við Miðbrautina á Seltjarnarnesi. Ég á rætur í sveit. Ég er alin upp á Möðruvöllum í Hörgárdal frá fjögurra ára aldri þar sem faðir minn séra Þórhallur Höskuldsson var prestur. Ég gekk í Hjalteyrarskóla við Eyjafjörð þar sem móðir mín Þóra Steinunn Gísladóttir var skólastjóri. Þaðan lá leiðin í Þelamerkurskóla þar sem hægt var að ljúka grunnskólatímabilinu og svo tók Menntaskólinn á Akureyri við. Ég var á Möðruvöllum öll mín bernskuár eða 14 ár samtals þar til ég var 18 ára að foreldrar mínir fluttu til Akureyrar þar sem faðir minn tók við prestskap. Ég útskrifaðist úr MA 1983 og þá fór ég til Reykjavíkur þar sem ég hafði alist upp fyrstu fjögur árin og hóf nám í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.“

## Uppgötvaði sönghæfileikana nyrðra

Af hverju fór prestsdóttirin frá Möðruvöllum að læra hjúkrunarfræði. Björg segir enga eina ástæðu hafa verið til þess. „Á þessum tíma var hjúkrunarfræðin orðin háskólagrein og hugsanlega hefur ráðið einhverju um ákvörðun mína að föðursystir mín Hulda Kristjándóttir hafði farið þessa leið og var farin að starfa sem hjúkrunarfræðingur. Eftir námið fór ég að starfa á Landspítalanum og hafði engin áform um að fara aftur til Akureyrar en spurningin



Björg Þórhallsdóttir söngkona og hjúkrunarfræðingur.

er alltaf um hvað ræður för. Foreldrar mínir fóru í árs námsleyfi til Noregs og ég fór norður til þess að gæta bús og barna. Ég á tvö yngri systkini. Höskuld alþingismað og Önnu Kristínu. Þetta leiddi til þess að ég fór að starfa hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri eða FSA. Á þessum tíma var háskólinn á Akureyri tekinn til starfa og hjúkrunarbrautin var ein af fyrstu námsbrautum sem var sett á stofn nyrðra. Ég fór að kenna við háskólann og gegndi lektorsstöðu þar um tíma. En aftur má spyrja hvað ráði för því þarna uppgötvaði ég sönghæfileika mína.“ Og þá vaknar spurning um hvort það hafi gerst allt í einu. „Nei – ef til vill ekki alveg. Ég hafði alltaf gaman af að syngja og fór að syngja í kirkjukórnum á Möðruvöllum þegar á barnsaldri. Mér hafði þó aldrei hugkvæmst að gera neitt í því eða leita mér tilsagnar í söngnum. Hélt að þetta væri bara náttúrulegur eiginleiki að finnast gaman að syngja. Ég fór að syngja í Kirkjukór

Akureyrarkirkju 1991 og á sama tíma lét ég undan þrýstingi og fór í áheyrnarpróf. Og þarna varð ekki aftur snúið. Ég fór að læra að syngja. Fór í alvarlegt söngnám. Þetta þýddi að um tíma var eiginlega þrískipt. Ég var að vinna á FSA, kenna við Háskólann á Akureyri og í söngnámi við Tónlistarskólann hjá Michael Clarke sem hefur lengi búið og starfað að tónlistarmálum á Akureyri.“

## Tvennt breytti lífi mínu

Björg segir að tvennt hafi orðið til þess að breyta lífi sínu. „Peir atburðir urðu báðir á árinu 1995. Ég lét undan þrýstingi frá kennaranum mínum um að fara í áheyrnarpróf til Englands en hann er ættaður frá Manchester. Um svipað leyti féll faðir minn frá – skyndilega og á unga aldri ef svo má segja. Það var okkur fjölskyldunni og mörgum fleirum mikið áfall. Skömmu áður hafði hann verið í Englandi að þjónusta fólk sem bjó skammt

frá Manchester þangað sem för minni í áheyrnarprufuna var heitið. Hann kom heim með boð frá þessu ágæta fólki að það vildi aðstoða mig þegar ég kæmi í prufuna. Ef til vill hefði verið eðlilegast að blása þetta af í ljósi nýrra aðstæðna heima fyrir en mér fannst ég verða að standa við þetta og fara. Vegna þessa fólks sem beið mín handan hafsins. Pabbi dó 7. október og ég hét út á afmælisdaginn minn seint í nóvember. Þarna varð vendipunktur í lífi mínu. Manchester beið handan hafsins.“

## Söngurinn og heilbrigðis-störfin styðja hvort annað

Björg flutti haustið eftir til Englands og hóf söngnám. Fyrst í Manchester og síðar í London. „Já – ég bjó 11 ár í Englandi, stundað í nám og var einnig farin að starfa. Ég vann líka nokkuð í heilbrigðisgeiranum – sem verktaki.



Til að afla tekna því það er dýrt að stunda söngnám erlendis en að öðru leyti starfaði ég fyrst og fremst við sönginn. Ég sé alls ekki eftir því að hafa haldið tengslum við mín fyrri fræði og mitt gamla starf. Ég hef stundum verið hissa á þessu svona með sjálfri mér en mér hefur alltaf tekist að láta þetta ganga upp. Björg segir að söngurinn og heiðbrigðistörfin styðji hvort annað. „Mér finnst dýpka mig sem söngkonu að starfa á líknardeild sem ég gerði um tíma. Starfið þar gaf mér þroska og ákveðna vidd sem hefur nýst mér í söngnum. Ég held að þetta tengist bakgrunni mínum að einhverju leyti. Ég er prestsdóttir og var nánast alin upp á kirkjubekk. Ég fylgdi föður mínum eftir alveg frá blautu barnsbeini nánast hvert sem hann fór. Á meðan við vorum á Möðruvöllum var hann með þjónustu í fjórum kirkjusóknum og á einu elliheimili. Þegar hann var í guðfræðinni voru guðfræðistúdentar með aftansöng í Háskólakapellunni. Ég var fjögurra ára og fór með honum. Þannig festust gregorísku áhrifin í mér. Ég fékk þau að segja má með móðurmjólkinni og hef alltaf haft sérstaka unun af að koma fram í kirkjum og taka þátt í kirkjulegu starfi.“

### Kirkjulegt tónlistarlíf í Selvogi

Ög nú er Björg búin að finna sér nýjan grundvöll í kirkjulegu tónlistarstarfi. „Já – ég er búinn að því. Ég er komin með sterka tengingu við Strandarkirkju í Selvogi. Pétur Pétursson guðfræðingur var með athöfn í Strandarkirkju á Maríumessu. Við Pétur höfum tengingu að norðan. Erum að hluta alin upp í sama húsi vegna þess að foreldrar mínir keyptu prestsbústaðinn við Hamarstíginn á Akureyri þegar faðir minn tók við prestskapnum af föður hans Pétri Sigurgeirssyni þegar hann varð biskup og fluttist til Reykjavíkur. Ég var farin að starfa með Elísabetu Waage hörpuleikara. Sumarið eftir fléttuðum við saman tónleika og guðsþjónustu þar sem séra Baldur Kristjánsson sá um. Mér finnst sérstakt að efna til tónlistarviðburða í Strandarkirkju og fá að njóta tónlistarinnar í kirkjunni. Slíkir viðburðir eru fjölbreyttari en venjuleg hefðbundin messa. Við séra Baldur að ákváðum því að víkka þetta aðeins meira út. Sumarið 2013 efndum við til listahátíðar í Strandarkirkju sem við efndum Englar og menn og erum að fara af stað með hana í þriðja skiptið. Við verðum með tónleika í kirkjunni fimm sunnudaga í júlí og ágúst. Það má ef til vill segja að við séum komin í útjaðarinn á ferðþjónustunni.“

### Sérstakur staður

Björg segir að Selvogurinn sé sérstakur staður sem eigi sér langa sögu. „Þar hefur verið kirkja allt frá 12. öld og í dag er Strandarkirkja í Selvogi mesta áheita kirkja landsins. Upphaf þess má eflaust rekja til sjómanna sem lentu í sjávarhásku undan ströndinni og hétu því að reisa næðu þeir að komast lifandi að landi. Og venjan varð til. Sæfarar og aðrir sem töldu sig eða upplifðu í einhverjum hásku hvort sem hann var til sjós eða af öðrum orsökum fóru að heita á kirkjuna og gera enn. Pétur Pétursson orðaði þetta svo vel þegar hann sagði að með tónlistinni væri kirkjan að gefa til baka bænirnar og áheitin sem streymt hafi til hennar öldum saman. Falleg tónlist lyftir bænunum og er upphefandi fyrir andann. Þannig varð gregoríksa tónlistin til. Með því sem við erum að gera í Strandarkirkju viljum við sameina þessa þætti, tónlistina, söguna og trúna.“

### Hér er kyrrt rólegt og stutt í náttúruna

Hilmar Örn Agnarsson samþylismaður Bjargar starfar einnig við tónlist. Hann er meðal annars organisti við Grafarvogskirkju, var organisti í Skálholti um árabíl og hefur stjórnað fjölda kóra. Þið eruð bæði á fullu í tónlistinni. „Já – við eru það. Ég er þó enn að starfa að heilbrigðismálum að hluta. Mér finnst gott að vera aðeins tvískipt. Ég vann á Líknardeildinni en starfa núna í Landakoti. Það er aðeins annað starfsumhverfi og þar geng ég ekki vaktir eins og á hinum staðnum. Ef við eigum að koma aðeins aftur að Seltjarnarnesi þá er draumurinn

að búa þar áfram. Mér finnst ég vera komin nær uppruna mínum úr sveitinni. Hér er kyrrt og rólegt umhverfi – ákaflega friðsamt og

stutt í náttúruna. Þetta dró okkur öðrum þræði á Nesið og við höfum áhuga á því að leita okkur að húsi á Seltjarnarnesi.“



## HÚSAVIÐGERÐIR.IS



**Útfarar-  
og lögfræði-  
þjónusta**

Önumst alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi



Elin Sigrún Jónsdóttir  
frankveimastjóri



Þorsteinn Elísson  
útfararþjónusta



Snævarr Jón Andrésson  
útfararþjónusta



Hugrún Jónsdóttir  
útfararstjóri



Rósa Kristjánsdóttir  
útfararstjóri



Guðmundur Baldeysson  
útfararþjónusta



Jón G. Bjarnason  
útfararþjónusta



Ellert Ingason  
útfararþjónusta



Katla Þorsteinsdóttir  
lögfræðisþjónusta



Gestur Hreinsson  
útfararþjónusta

**Við þjónum allan sólarhringinn**  
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - [www.utfor.is](http://www.utfor.is)





## Nesstofa - Hús og saga -

Ný sýning í Nesstofu sem fjallar um húsið og landlæknisembættið sem stofnað var árið 1760.

Skemmtileg verkefni í boði fyrir fjölskyldur og frístundahópa.

**Opið alla daga nema mánudaga  
frá 13. júní - 31. ágúst  
kl. 13-17,  
ókeypis aðgangur.**

Nesstofa er hluti af húsaafni Þjóðminjasafns Íslands.

Nánari upplýsingar:  
í síma 595 9100 eða 530 2200  
[www.thjodminjasafn.is](http://www.thjodminjasafn.is)

  
ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS  
National Museum of Iceland



# “Kaldalónsskálin” veitt í fyrsta sinn

Ungur Seltirningur, Friðrik Guðmundsson, sem í vor lauk framhaldsnámi í píanóleik við Tónlistarskóla Seltjarnarness, hlaut á þjóðhátíðardaginn 17. júní Kaldalónsskálina. Skálin er tónlistarviðurkenningu Rótarýklúbbs Seltjarnarness í minningu Selmu Kaldalóns tónskálds (1919-1984). Viðurkenningin var veitt í fyrsta skipti við athöfn í lok þjóðhátíðarguðþjónustunnar í Seltjarnarneskirkju. Guðmundur Snorrason, forseti Rótarýklúbbsins, afhenti skálina, ásamt heiðurskjali. Þá

lék Friðrik á píanó fallett verk eftir sjálfan sig sem hann nefnir "Skammdegi" og tekur um fimm mínútur í flutningi. Var því afar vel tekið af viðstöddum.

Kaldalónsskálin er fallegur farandgripur sérstaklega smíðuð í þessum tilgangi af Ásgeiri Reynissyni gull- og silfursmíð, og er stefnt að því að hún verði framvegis veitt árlega fyrir framúrskarandi árangur í tónlistarnámi. Er þessi viðurkenning til marks um aukið starf Rótarýhreyfingarinnar til uppörvunar og stuðnings við ungu kynslóðina.



Friðrik Guðmundsson, sem fyrstur hlaut Kaldalónsskálina, ásamt Guðmundi Snorrasi, forseta Rótarýklúbbsins og Ólafi Egilssyni.

## UMHVERFISHORNIÐ

### Varpfuglar á Seltjarnarnesi 2015

Kríuvarp á Seltjarnarnesi er í góðu meðallagi í ár samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum talningarmanna. Varpið er kringum 2000 hreiður, en það er svipað og árin 2000, 2009 og 2013. Metið var árið 2005, rúmlega 4500 hreiður. Eftir það fór að halla undan fæti fyrir kriunni vegna ætisskorts og hruns í sandsílastofninum. Hrunið er talið stafa af hækkandi sjávarhita, komu makríls o.fl. Árið 2007 voru hreiðrin eingöngu 500 og árið 2011 varp krían alls ekki.



Um 1400 hreiður eru í Suðurnesi og 600 í Gróttu og á Snoppu. Nú er bara að bíða og vona að einhverjir ungar komist á legg. Gott varp þarf ekki að þýða góðan varpárangur. Í fyrra komust einhverjir tugir unga á legg og er það í fyrsta sinn í næstum áratug, sem slíkt gerist á Nesinu. Talið er á tveggja ára fresti og eru skýrslur um talningarnar birtar á vef Seltjarnarnesbæjar.

Nýr varpfugl fannst á Seltjarnarnesi þegar kríutalningin stóð yfir. Það var jaðrakan í Dal í Suðurnesi. Jaðrakanapar sást í Dal í lok maí, en ekkert benti samt til varps fyrr en talningamenn fældu annan fuglinn af hreiðrinu. Jaðrakan er annars strjáll gestur á Seltjarnarnesi.

Ekki gekk vel hjá álfatarpinu á Bakkatjörn. Svandís og maki hennar misstu eina ungann sem klaktist hjá þeim í slæmu veðri í byrjun júní. Í fyrra komust 3 ungar á legg, en árið 2013 gekk varpið ekki. Svandís hefur virkað fremur slöpp síðan 2013, en varpið í fyrra vakti þó vonir um að hún væri að braggast. Annað par heldur nú til í Dal í Suðurnesi, það er í fyrsta sinn sem aðrar álfir en Bakkatjarnarálftirnar hafa búfestu á Seltjarnarnesi. Það verður fróðlegt að fylgjast með gangi mála næsta vor, mikil eftirspurn er eftir góðum álftaóðulum.

Annað varp virðist hafa gengið sæmilega, þó tjaldarnir í Suðurnesi séu óvenju seinir. Margir fuglar urpu seint í vor vegna þrálátra norðanáttu og kulda í maí og fram eftir júní.

Heimildir og mynd: Jóhann Óli Hilmarsson.

F.h. umhverfisnefndar, Margrét Pálsdóttir, formaður.



Friðrik Guðmundsson, ásamt afkomendum Selmu Kaldalóns og fleirum.

### Hóf tónsmíðar fyrir um þremur árum

Friðrik hóf ungar að árum píanónám í Tónlistarskóla Seltjarnarness undir handleiðslu Aðalheiðar Eggertsdóttur píanökennara og lauk þar framhaldsnámi nýverið með lofsamlegum vitnisburði. Síðastliðið ár hefur hann einnig verið í tónsmíðanámi í Listaháskóla Íslands, en tvö til þrjú ár eru síðan hann hóf að semja tónverk m.a. fyrir Stúdentaleikhúsið í sýningarnar "Stundarfríð" og "Mig". Þá hefur verk eftir Friðrik, "Áráttuhegðun", verið leikið á tónleikum í Listaháskólanum. Auk tónlistarnámsins varð Friðrik stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 2013.

### Stjarna Friðriks reis stöðugt

Ummæli Kára Húnfjörð Einarssonar, skólastjóra Tónlistarskóla Seltjarnarness, um Friðrik eru afar lofsamleg. Hann segir stjörnu hans í skólanum hafa risið stöðugt fram til námslokanna, þegar hann standi fremstur meðal jafningja. Síðustu tvö til þrjú árin hafi Friðrik lagt nótt við dag til að undirbúa lokapróf sitt; alla daga, allar helgar, alla frídaga

hafi hann komið í skólann til æfinga. Eljan, seiglan og viljinn hafi driifið hann áfram, og við það hafi hann fengið dyggan stuðning kennara síns. - Á framhaldsprófstónleikum Friðriks í sal skólans nýlega léku tveir efnilegir skólafélagar hans, Bergur Þórisson básúnuleikari og Björgvin Hjálmarsson saxófonleikari, með honum verk eftir Friðrik, sem ber heitið "Getum við ekki bara..." og er í þremur köflum. Voru undirtektir hinar ágætustu.

### Eiginmaður Selmu og stofnandi Rótarý á Nesinu

Kaldalónsskálin er, eins og fyrr segir, helguð minningu Selmu Kaldalóns tónskálds sem bjó og starfaði á Seltjarnarnesi um árabíl. Gefin hafa verið út eftir hana 27 sönglög og hljómplata með lögum eftir hana og föður hennar Sigvalda Kaldalóns í flutningi kunnra listamanna. Selma var eiginkona Jóns læknis og varabæjarfulltrúa Gunnlaugssoonar, forgöngumanns um stofnun Rótarýklúbbs Seltjarnarness og fyrsta forseta hans árið 1971; hann var síðar einnig umdæmisstjóri hreyfingarinnar.

# Góð þátttaka í sumarlestri

Góð þátttaka hefur verið í Sumarlestri Bókasafns Seltjarnarness og börnin iðin við að heimsækja safnið og ná sér í góðar bækur. Tilgangur Sumarlestursins er að viðhalda og auka lestrarfærni barna til að þau missi ekki niður það sem þau hafa lært í skólanum yfir veturinn. Þannig má segja að Bókasafnið taki við þar sem skólanum sleppir. Enn er hægt að skrá sig í sumarlestur sem er opin öllum börnum á aldrinum 6 til 12 ára.

Börnin mæta í bókasafnið til að skrá sig, skrá síðan lesnar bækur á sérstök lestrarblöð og skrifa stutta umsögn um hverja bók. Að loknum lestri hverrar bókar fá lesendur broskarl og stimpil bókasafnsins. Börnunum stendur einnig til boða að lita myndir af söguhetjum barnabóka og eru myndirnar settar upp í barnadeild bókasafnsins. Allir sem taka þátt í verkefninu eru með í happdrætti og eru ein verðlaun dregin út á hverjum föstudegi í sumar. Frekari upplýsingar má fá á bókasafninu auk þess sem nálgast má þær á facebook- og heimasíðu safnsins.



## Fjölbreytt menningarhátíð í haust

Fjölbreytt menningarhátíð verður haldin á Seltjarnarnesi í haust. Er það menningarsvið bæjarfélagsins sem undirbýr hátíðina sem fram fer dagana 15. til 18. október næstkomandi.

Dagskráin er smám saman að taka á sig mynd og er óhætt að lofa fjölbreyttum viðburðum

fyrir bæjarbúa á öllum aldri og með ólík áhugamál. Þeir sem vilja leggja sitt af mörkum eða taka þátt í hátíðinni er góðfúslega bent á að hafa samband við sviðsstjóra menningarsviðs, Soffíu Karlsdóttur, í síma 5959100 eða í netfangið [soffia.karlsdottir@seltjarnarnes.is](mailto:soffia.karlsdottir@seltjarnarnes.is)



# Fegurð, fótabað og flot - 170 Seltjarnarnes!



**SAMFESTINGURINN** – ný ómótæðileg útgáfa!

Lífrænn & smart. Fyrir jóga & lifið. Sterk, lífræn og dásamleg "Fair Trade" bómull.



**FLJÓTTU & NJÓTTU Í SUMAR!**

FÁTT jafnast á við FLOT í fallegri sumarnóttinni. Flothetta & fótáflot: 17.700 kr.



**EIGIN JÓGAMOTTA** er MÁLIÐ!

MANDUKA eru sannarlega Taj Mahal jógaðýnanna, 5. teg og fylgihlutir.



## SÁL Í HVERJUM SOPA!

LÍFRÆNT KAFFI m/ BÍÓBÚMJÓLK / INDÍGÓKAFFI?

Eða má bjóða þér næringarríka gourmet súrdeigssamloku, ÞEYTING, SKOT, croissant, glútenlaust, "vegan", chiagrauta, heilsubita, kökur, súpu. Innihaldsríkt góðgæti í stöðugri þróun!

**SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI**  
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.  
[www.facebook.com/Systrasamlagid](http://www.facebook.com/Systrasamlagid)  
Sími: 511 6367

**AFGREIÐSLUTÍMI:**  
Virkir dagar 8:30 - 18  
Laugardagar 10 - 16  
Sunnudagar í sumar 11 - 15

**Gavin Lucas og Guðmundur Ólafsson skrifa:**

# Fornleifarannsókn í Móakoti

Frá árinu 2013 hefur Háskóli Íslands, í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, staðið fyrir fornleifarannsókn á litlu 18. aldar kotbýli á Seltjarnarnesi. Kotið nefnist Móakot og er nefnt í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víðalín frá 1703, þar sem ábúandinn var Grímur Erlendsson. Samkvæmt Mannatalinu 1703 var Grímur fæddur árið 1640 og giftur Gróu Andrésdóttur, fæddri 1664. Þau áttu tvo syni, Erlend, f. 1689 og Jón, f. 1697. Búseta í kotinu virðist hafa lagst af 1779. Ekki er meira vitað um þetta býli úr heimildum, þó að ýtarlegri rannsókn í skjalasöfnum geti hugsanlega skilað einhverjum viðbótarupplýsingum. Helstu upplýsingar um staðinn er núna að fá úr gögnum fornleifarannsóknarinnar.

Móakot var fyrst skráð af fornleifafræðingum við fornleifa-skráningu Þjóðminjasafns Íslands árið 1980 og svo aftur rúnum áratug síðar af Fornleifastofnun Íslands. Árið 2013 hófu fornleifafræðinemar frá HÍ rannsókn þar undir leiðsögn Gavin Lucas, prófessors, Guðmundar Ólafssonar, fagstjóra fornleifa í Þjóðminjasafni, með aðstoð Sólrunar Ingu Traustadóttur fornleifafræðings. Þess má geta að vettvangsrannsóknir fornleifafræðinema hafa staðið yfir við Nes frá árinu 2007, fyrst umhverfis Nesstofu (2007-2011), þá á litlu sjómanns koti frá fyrri hluta 20. aldar (2012)



Frá uppgreftri í Móakoti.

áður en rannsóknin beindist að Móakoti árið 2013.

## Unnið við eystri hluta kotsins

Undanfarin tvö ár hafa nemendur unnið í fjórar vikur frá maí til fyrri hluta júní við að grafa upp a.m. k. tvö herbergi af Móakoti, sem virðast hafa verið samsíða, með bæjargöngum á milli. Rannsóknin hefur til þessa einskorðast við eystri hluta kotsins, sem er 7x8,5 m að stærð og var með þykka veggji hlaðna úr torfi og grjóti. Gólf bæjarganganna var lagt stórum hellum, en moldargólf voru í herbergjunum beggja vegna. Skaddað eldstæði fannst í norðausturhorni

hússins. Inngangur í bæinn var á suðurhlíð hans en á norðurhlíð var hálfhringlaga viðbygging, sem var hugsanlega notuð sem geymsla.

## Nokkuð hundruð gripir

Nokkuð hundruð gripir hafa fundist við rannsóknina, ásamt fjölda dýra- og fiskbeina. Flest er þó úr mannvistarlögum frá 19. öld, sem eru yngri en bærinn. Það bendir til þess að bæjarrústin hafi

af og til verið notuð sem ruslahaugur. Hingað til hafa aðeins fundist fáir gripir úr sjálfri byggingunni. Það eru aðallega brot úr leirkerum, glerflöskum og járnnöglum. Nákvæm greining á gripunum hefur þó ekki enn farið fram.

## Bærinn trúlega frá 18. öld

Enn er of snemmt að draga miklar ályktanir um staðinn af niðurstöðum rannsóknarinnar. Sá hluti bæjarins sem búið er að rannsaka virðist hafa verið eldhús og geymsla eða búr, auk bæjarganganna. Vesturhellingur bæjarins er enn órannsakaður. Gripir sem hafa fundist styðja vel við hugmyndir manna um að bærinn sé frá 18. öld, en þó er ljóst að hann hefur gengið í gegn um nokkrar breytingar og að hann gæti upphaflega hafa verið stærri. Einnig fundust ummerki um eldri mannvirki norðan við bæinn, þannig að hugsanlega hefur búseta hafist á staðnum fyrr en áður var vitað. Þar til frekari rannsóknir hafa farið fram, er þó ekki hægt að segja nánar til um upphaf búsetu í Móakoti. Rannsókninni verður haldið áfram vorið 2015 og vonandi mun hún varpa skýrara ljósi á minjarnar.

## Seltirningar sýna í Gallerí Gróttu

Formlegt sýningarhald í Gallerí Gróttu liggur niðri yfir sumartímann ákváðu forráðamenn gallerísins að bjóða Seltirningum að sýna þar verk sín frá 15. júlí til 15. ágúst og gildir þá hið gamalkunna að fyrstur kemur fyrstur fær.

Gert er ráð fyrir að sýningartímabilin séu ekki lengri en fimm dagar í senn. Sýnendur bera alla ábyrgð á sýningarhaldinu sem og upphengi og niðurtöku og skuldbinda sig til að skila salnum í því ástandi sem þeir tóku við honum. Um tilraunaverkefni er að ræða en vonir standa til að hægt verði



áð endurtaka það hvert sumar þannig að hinn almenni bæjarbúi geti þar komið verkum sínum, af hvaða toga sem er, á framfæri. Áhugasamir sendi tölvupóst til soffia.karlsdottir@seltjarnarnes.is þar sem fram kemur nafn og heimilisfang sýnanda og óskir um sýningartímabil.



**HEITUR MATUR  
Í HÁDEGINU  
OG Á KVÖLDIN**

**TAKTU MEÐ**

eda

**BORÐAÐU Á STAÐNUM**





Alvöru matur

Coca-Cola



**Handboltalið meistaraflokks karla í Gróttu  
stendur í ströngum undirbúningi fyrir átökin  
í Olís deildinni næsta vetur.**

**Nesfréttir auk eftirtalinna fyrirtækja  
styrktu leikmenn liðsins til  
æfingaferðar til Berlínar í haust.**





## Stuð á Skagamóti



Gróttu sendi fjögur lið til leiks á Norðurálmótið á Akranesi sem fór fram 19.-21. júní síðastliðinn. Þar komu rúmlega 1.500 strákar frá öllum landshornum saman og léku fótbolta alla helgina.

Gengi Gróttuliðanna var misjafnt eins og gengur. Loðnir grasvellirnir gerðu okkar mönnum oft á tíðum erfitt fyrir og þá eru strákarnir ekki vanir að spila sjö manna bolta eins og enn er gert á Akranesi.

Spilamennskan varð þó alltaf betri og betri eftir því sem leið á mótið og oft sáust glæsilegir taktar frá lærisveinum þeirra Bjarka Más og Bjössa. Gróttustrákarnir sem eru sjö og átta ára gamlir eiga sannarlega framtíðina fyrir sér. Stór hópur foreldra og vandamanna fylgdi strákunum upp á Skaga og gaman er að sjá hve sterkt bakland þessir ungu kappar eiga í fótboltnum.

## Sigrúðu Eldfellsbikarinn



Alls 35 galvaskir Gróttustrákar héldu þann 24. júní á Orkumót í Eyjum. Já þið heyrðuð rétt. Shellmótið sögufræga hefur skipt um nafn. Gróttuliðin spiluðu flottan fótbolta alla helgina þó að mikill vindur hafi á tímabili sett strik í reikninginn.

Gróttu1 var hársbreidd frá því að komast í úrslitaleik í næst efsta bikarnum á lokadeginum en strákarnir spiluðu vel seinni tvo dagana eftir erfiða byrjun. Gróttu2 byrjaði mótið af miklum krafti og lenti í erfiðum riðli á degi tvö þar sem meðal annars var leikið við A-lið KA og Hattar. Lokadagurinn var þó góður hjá strákunum líkt og hjá Gróttu3 sem vann sinn riðil og komst í úrslitaleik um Eldfellsbikarinn. Þar höfðu Gróttustrákarnir flottan sigur á Snæfellsnesi2 þar sem úrslitamarkið kom þegar skammt var eftir af leiknum. Liðsmenn Gróttu4 lentu nokkrum sinnum í bröttum brekkum á Orkumótinu en létu þó aldrei deigan síga. 5-4 sigur á heimamönnum ÍBV datt í hús á lokadeginum en spilamennska strákanna tók stórstígum framförum eftir því sem leið á mótið. Á lokahófinu var tilkynnt að Gróttu hefði verið valið háttvísasta liðið innan vallar og var því að sjálfsögðu fagnað vel af bæði drengjum og foreldrum.



Hópurinn sem tók þátt á Partille Cup.

## Fjórði og fimmti flokkur á Partille Cup

Fjórði og fimmti flokkur karla og kvenna í handboltanum í Gróttu fór á stærsta og flottasta handboltamót í heimi, Partille Cup dagana 28. júní til 5. júlí. Á mótinu léku rúmlega 20 þúsund keppendur frá öllum heimshornum. Gróttuhópurinn taldi 70 manns og tefldum við fram sjö liðum.

Liðin léku í riðlakeppni fyrstu keppnisdagana þar sem Gróttuliðin mættu fimm andstæðingum. Á föstudeginum og laugardeginum léku liðin síðan í útsláttarkeppninni þar sem liðin komust mislangt. Bestum árangri náði strákaliðið í 13 ára aldersflokknum sem fór alla leið í 16 liða úrslit í B-úrslitum og 16

ára strákaliðið sem náði alla leið í 16 liða úrslit A-úrslita.

Fyrir utan keppnina sjálfa var dagskráin þétt setin. Krakkarnir fóru í vatnsrennibrautargarðinn Skara Sommarland, sáu íslenska U19 ára landsliðið verða Evrópumeistara þegar það vann frábæran sigur á Svíum á þeirra heimavelli í frábærum handboltaleik. Drengirnir fóru í Liseberg, glæsilegan skemmtigarð í miðbæ Gautaborgar, þeir kíktu í verslunarleiðangur, horfðu á ótal handboltaleiki og margt fleira. Segja má að vikan hafi verið viðburðarík og skilur eftir ótal minningar hjá Gróttukrökkunum.

## Handboltaskóli Gróttu og Hertz

Handknattleiksdeild Gróttu verður, líkt og síðustu ár með öflugt sumarstarf fyrir börn og unglinga. Í sumar verður boðið upp á handboltaskóla í þrjár vikur, þ.e. frá 4. – 21. ágúst.

Í handboltaskólanum verður börnum skipt eftir aldri til að koma til móts við þarfir hvers og eins. Farið verður í grunnatriði fyrir yngsta aldurshópinn og flóknari æfingar fyrir eldri hópa. Skólastjóri

handboltaskólans verður Andri Sigfússon íþróttafraeðingur en auk hans verður Viggó Kristjánsson aðalleiðbeinandi skólans. Gróttu verður einnig með afreksskóla fyrir iðkendur f. 2000-2003 en hann er eftir hádegi fjóra daga vikunnar. Í afreksskólanum verður farið í flóknari tækniatriði og meiri afrekshugsun í fyrirrími. Sjá nánar á heimasíðu Gróttu, [www.grottasport.is](http://www.grottasport.is)



GETRAUNANÚMER

GRÓTTU ER

170

## Gróttustelpur á þæjumóti



Sama fyrir sögnin á hverju ári, en það eru jú alltaf nýjar þæjur sem stíga á stökk fyrir Gróttu á Þæjumótinu í Vestmannaeyjum sem var að þessu sinni haldið 13.-15. júní. Gróttu sendi tvö lið til leiks en leikið var með nýju fyrirkomulagi þar sem liðum er styrkleikaraðað upp á nýtt eftir hvern leikdag.

Gróttu1 byrjaði erfiðlega og laut í lægra haldi fyrir sterkum liðum Vals, FH og Þórs. Gróttu2 var hins vegar í stuði með 4 stig eftir fyrsta dag þar sem Margrét hreinlega raðaði inn mörkunum. Um kvöldið gerðu svo stelpurnar gott mót í

hæfileikakeppninni með þau þá atriði við lag hljómsveitarinnar Amabada. Á föstudeginum kræktu bæði lið í einn sigur en síðar um daginn lék markvörðurinn Jenný Guðmundsdóttir með pressuliðinu á móti landsliðinu og stóð sig vel fyrir framan troðfulla stúku. Lokadagurinn var finn hjá báðum liðum, spilamennskan varð alltaf betri og betri og allir fóru sáttir heim eftir flotta ferð. Feikilega þéttur foreldrahópur stendur að baki stelpunum í 5. flokki og var stemningin í Gróttuhópnum því sérstaklega góð alla helgina, jafnt innan vallar sem utan.

## Unnu alla leiki á U19

Opna Evrópumótið í handknattleik hjá U19 ára landsliði karla fór fram í Gautaborg í Svíþjóð dagana 28. júní til 4. júlí. Fulltrúi Gróttu í landsliðinu var Aron Dagur Pálsson skytta og miðjumaður. Skemmst er frá því að segja að íslenska liðið vann alla sína leiki á mótinu og þar á meðal gegn Svíum í úrslitaleik sem fór fram í Scandinaviumhöllinni fyrir framan sjö þúsund áhorfendur.

Íslenska liðið lagði Finnland, Georgíu og Portúgal í riðlakeppninni. Þegar í milliriðla kom, þá lagði liðið bronshafa Spánar, Rúmena og Hollendinga. Þar sem liðið hafnaði í efsta sæti milliriðilsins lék liðið til úrslita við heimamenn í Svíþjóð. Sá leikur var í jánnum stærsta hluta leiksins en undir lokin höfðu Íslendingar betur og unnu 31-29. Frábær stemning var á leiknum en tæplega 1000 Íslendingar létu vel í sér heyra.



Aron Dagur Pálsson.

### Okkar maður skoraði 10 mörk

Okkar maður, Aron Dagur Pálsson lék vel fyrir liðið á mótinu og skoraði 10 mörk í 7 leikjum. Hann lék stórt hlutverk í vörninni, ýmist sem tvistur í 6-0 vörninni eða fyrir framan í 5-1 vörninni og stal mörgum boltum af andstæðingunum. Næsta stóra verkefni hjá Aroni Degi og landsliðinu er heimsmeistaramótið sem haldið er í Rússlandi 8. til 20. ágúst næstkomandi.

## SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Sigurlaug Gísladóttir sem býr á Skólabraut á Seltjarnarnesi. Í júní sl. var hún elsti þátttakandi í Kvannahlaupinu á nitugasta og fjórða aldursári.

**Fullt nafn?** Sigurlaug Gísladóttir.  
**Fæðingard. og ár?** 26. desember 1921.

**Starf?** Fyrirverandi bréfberi og leiðbeinandi í Árbæjarsafni.

**Farartæki?** Tveir jafnfljótir.

**Helstu kostir?** Samvirkusöm, heiðarleg, stundvís og þolinmód.

**Eftirlætis matur?** Kjúklingur.

**Eftirlætis tónlist?** Engin sérstök.

**Eftirlætis íþróttamaður?**

Ólafur Stefánsson.

**Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?**

Leiðarljós.

**Besta bók sem þú hefur lesið?**

Kapítóla.

**Uppáhalds leikari?** Steindór Hjörleifsson og Margrét Ólafsdóttir.

**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?** Söngvaseiður.

**Hvað gerir þú í fristundum þínum?** Handavinnu og les.

**Fallegasti staður sem þú hefur komið á?**

Þórisdalur í Lóni.

**Hvað metur þú mest í fari annarra?** Heiðarleika.



**Hvern vildir þú helst hitta?**

Fólkið mitt.

**Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?**

Ekki neitt – ég á svo margt.

**Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti?**

Láta afkomendur mína njóta þess.

**Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?** Lækka húsnæðisverð.

**Að hverju stefnir þú í framtíðinni?** Njóta dagsins.

**Hvað ætlar þú að gera í sumarfríinu?** Fóri í notalega dagsferð með fjölskyldunni út í sveit.

# NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188

[www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Audbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktisímar: 581 3300 & 896 8242 • [www.utforin.is](http://www.utforin.is) • Allan sólarhringinn



## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



*göðgæti frá Jóa Fel*

## Brauð, kökur og kruðurí að hætti Jóa Fel

Bakaríið við Hringbraut er opið alla virka daga frá kl. 7 - 18  
og frá kl. 8 - 17 um helgar.

Verið hjartanlega velkomin.



BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut